

Friðlandið Vatshornsskógur í Skorradal. Samningur um umsjón og rekstur.

1. gr.

Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701002-2880 og Skógrækt ríkisins, kt. 590269-3449 gera með sér samning um umsjón og rekstur friðlandsins í Vatshornsskógi í samræmi við 30. grein laga nr. 44/1999.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur friðlandsins í Vatshornsskógi sé í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999, lög um skógrækt nr. 3/1955, reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum og reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Samningur þessi tekur einnig mið af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stj.tíð. C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiró 1992) sbr. Stj.tíð. C 3/1995 og hliðsjón af lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Friðlýsingin tekur til Vatshornsskógar í Skorradal að undanskildum tveimur frístundalóðum í einkaeign 1,2 ha og 0,52 ha og er afmörkun lóðanna á m.f. uppdrætti. Mörk hins friðlýsta svæðis liggja sem hér segir: Frá punkti 1 í jaðri skógarins við strönd Skorradalsvatns, sem er norðurhorn svæðisins, upp með gili, sem jafnframt myndar landamerki við jörðina Haga, að punkti 2 sem liggur ofan skógar og er vesturhorn svæðisins, þaðan til suðausturs í beinni línu að punkti 3, þaðan áfram til suðausturs að punkti 4 sem er suðurhorn svæðisins, þaðan í beinni línu niður brekkuna að punkti 5, þaðan áfram niður brekkuna að punkti 6 sem er austurhorn svæðisins, þaðan fylgja mörkin neðri jaðri skógarins aftur að norðurhorni. Ströndin neðan skógar er ekki hluti friðlandsins. Innan svæðisins eru tvær frístundalóðir sem afmarkast af ferhyrningum með hornhnit merkt A til H. Mörk svæðisins sýnd á korti ásamt frístundalóðum. Hnit punktanna eru gefin upp í ISN93 kerfi.

| Nr. | Friðlandsmörk | | Nr. | Frístundalóðir | |
|-----|---------------|-----------|-----|----------------|-----------|
| | X-hnit | Y-hnit | | X-hnit | Y-hnit |
| 1 | 385054,62 | 446516,67 | A | 385131,00 | 446342,00 |
| 2 | 384667,65 | 446019,00 | B | 385148,00 | 446357,00 |
| 3 | 385938,48 | 444573,32 | C | 385077,00 | 446401,00 |
| 4 | 386958,62 | 443605,91 | D | 385029,00 | 446357,00 |
| 5 | 387203,85 | 444092,11 | E | 385072,00 | 446288,00 |
| 6 | 387285,57 | 444491,80 | F | 385083,00 | 446298,00 |
| | | | G | 385139,00 | 446190,00 |
| | | | H | 385224,00 | 446262,00 |

134
KKA

Heildarflatarmál friðlýsta svæðisins er 247 ha. Mörk hins friðlýsta svæðis eru sýnd á meðfylgjandi fylgiskjali.

4. gr.

Verndaráætlun.

Umhverfisstofnun í samstarfi við Skógrækt ríkisins skal vinna að gerð verndaráætlunar fyrir friðlandið í Vatnshornsskógi í samræmi við d lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Við gerð verndaráætlunar hafa Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins samráð við Skorradalshrepp. Samið skal sérstaklega um skiptingu kostnaðar vegna gerðar verndaráætlunar.

5. gr.

Landvarsla.

Skógrækt ríkisins (skógarvörður á Vesturlandi) sér um daglegt eftirlit, umsjón og rekstur með friðlandinu. Vegna erinda sem upp kunna að koma vegna landvörslu ber skógarverði að leita til náttúruverndardeildar Umhverfisstofnunar. Skógarverði stendur til boða að sækja árlegan fund landvarða og Umhverfisstofnunar sem haldinn er að hausti ár hvert.

Landvörður (skógarvörður) skal uppfylla ákvæði 29. gr. laga um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

6. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis, svo sem bæklinga og skilti. Merki beggja stofnana skal vera á öllu fræðsluefni. Um skiptingu kostnaðar skal samið hverju sinni.

7. gr.

Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir

Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi skal vera í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir, auglýsingu um friðlýsingu Vatnshornsskógar og verndaráætlun.

8. gr.

Gjaldtaka og þjónustugjöld.

Skógrækt ríkisins er heimilt að taka þóknun fyrir þjónustu sem veitt er innan friðlandsins svo sem leiðsögn um svæðið.

9. gr.

Skipting kostnaðar.

Skógrækt ríkisins kostar laun og annan kostnað vegna landvörslu / skógarvörslu í friðlandinu. Um skiptingu kostnaðar einstaka verkefna skal samið hverju sinni.

10. gr.

Skýrslugerð.

Skógrækt ríkisins skal gefa Umhverfisstofnun skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi í friðlandinu. Skila skal skýrslu til Umhverfisstofnunar í lok hvers starfsárs. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um veittar undanþágur sbr. 10. gr. auglýsingar um friðlandið, ástand lands og lífríkis, fræðslu, gestafjölda, umgengni, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi friðlandið.

Jóhanna
KL

11. gr.

Eftirlit Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið sbr. auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum, reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000, 30. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og verndaráætlun.

12. gr.

Gildistími.

Gildistími samnings þessa fyrir friðlandið í Vatnshornsskógi er 10 ár frá undirritun og staðfestingu umhverfisráðherra.

13. gr.

Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að fimm árum liðnum.

14. gr.


Meðferð ágreiningsmála.

Umhverfisráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan. Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og umhverfisráðherra einu.


Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfisráðherra.

Grund, 29. janúar 2009.


f.h. Umhverfisstofnunar



f.h. Skógræktar ríkisins




Umhverfisráðherra



Þórunn Sveinbjarnardóttir

Fylgiskjal



18/13H
Kik.